

Kyngreint sæði komið í notkun

Kyngreint sæði er nú komið í almenna dreifingu í fyrsta skipti á Íslandi, þ.e. án þess að verið sé að prófa tæknina. Tilraunin sem gerð var sl. vetur sýndi að íslenskt nautsæði þolir vel kyngreiningu og árangur í tilrauninni var vel ásættanlegur.

Munur á 56 daga ekki uppbeiðsli milli venjulegs og kyngreinds sæðis reyndist í heildina vera nálægt 6% sem er vel innan ásettannlegra marka. Á þeim grunni var færanlega rannsóknastofan frá STgenetics fengin hingað til lands öðru sinni í nýliðnum ágúst. Sæði úr þrettán íslenskum nautum og tveimur Angus-nautum var kyngreint að þessu sinni og er nú komið í



Guðmundur Jóhannesson.

dreifingu. Úr íslensku nautunum er eingöngu um að ræða X-sæði, þ.e. sæði sem gefur kvígur, en úr Angus-nautunum er bæði fáanlegt Y-sæði, sæði sem gefur naut, og X-sæði. Magn X-sæðis úr holdanautunum er þó í mjög takmörkuðu magni og fyrst fremst hugsað fyrir þá bændur sem halda holdakýr til þess að hraða endurnýjun yfir í hreinræktaðar Angus-kýr.

Kyngreint sæði er dýr vara og því rétt að vanda til verka við notkun á því. Sæðið er meira meðhöndlað fyrir frystingu en venjulegt sæði og má því segja „þreyttara“ þegar að notkun kemur. Tímasetning sæðingar er því vandasamari og þarf að vera nær egglosi en með venjulegu sæði svo sami árangur náist. Þá er það þekkt, jafnframt því sem tilraunin sl. vetur gaf vísbendingar um, að kvígur og yngri og frjósamari kýr halda betur við

kyngreindu sæði en eldri kýr. Þarna er þó ekki um mikinn mun að ræða en forðast skal að nota kyngreint sæði á þekktar vandamálakýr, þ.e. kýr sem halda að öllu jöfnu illa. Á nautaskra.is er að finna stuttar leiðbeiningar um vinnubrögð og val á gripum til sæðinga með kyngreindu sæði sem gott er að kynna sér. Til þess að mæta þeim kostnaði sem kyngreiningin hefur í för með sér verða innheimtar 3.000 kr. á hvern skammt af kyngreindu sæði.

Í fyrstu umferð var sent sæði úr þremur íslenskum nautum og holdanautunum tveimur um land allt en nú er þeim nautum sem kyngreindu sæði er dreift úr að fjölga hægt og bitandi eftir því sem útsendingu á sæði vindur fram. Úr öllum þeim nautum sem fóru í kyngreiningu er einnig venjulegt sæði í dreifingu. Þau naut sem komu til notkunar um síðustu mánaðamót eru:



Draupnir 23040 er frá Fagurhlið í Landbroti, svartskjöldóttur, sokkóttur, kollóttur og er ræktandi Félagsbúið í Fagurhlið. Draupnir er undan Marmara 20011 og Dimmalímm 625 Steradóttur 13057. Erfðamat Draupnis gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk í meðallagi. Þetta ættu að verða meðalkýr á skrokkinn og í meðallagi háfættar. Júgurgerðin allgóð, meðalvel borin júgur með meðalfestu og mjög greinilegt og gott júgurband. Spenar aðeins stuttir og grannir en vel settir. Mjaltir góðar sem og skapið. Arfhreinn kollóttur. Sæði: Venjulegt, Spermvital og X-sæði (kvígur).



Meistari 23038 er frá Litla-Dunhaga í Hörgársveit, dökkbrandhuppóttur, sokkóttur, með lauf í enni, kollóttur og eru ræktendur hans þau Róbert og Elsa. Hann er undan Öðni 21002 og Maddý 855 Jörfadóttur 13011. Erfðamat Meistara segir okkur að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða frekar bolléttar og í meðallagi háfættar kýr. Júgurgerðin meðalgóð og spenar hæfilegir að lengd, aðeins þykkir og meðalvel settir. Mjaltir góðar og skapið mjög gott. Arfhreinn kollóttur. Sæði: Venjulegt, Spermvital og X-sæði (kvígur).



Bolli 24002 er frá Miðskógi í Miðdölum, svartskjöldóttur, kollóttur og ræktandi er Skúli Hreinn Guðbjörnsson. Bolli er undan Keili 20031 og Rakel 872 Búkkadóttur 17031. Erfðamat Bolla gefur fyrirheit um að dætur hans verði í meðallagi mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins nokkru lægra. Þetta ættu að verða frekar bolmíklar og háfættar kýr með frábæra júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar aðeins stuttir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið frábært. Arfhreinn kollóttur. Sæði: Venjulegt og X-sæði (kvígur).



Stjóri 23041 er frá Dæli í Fnjóskadal, dökkkolóttur, kollóttur, ræktendur Geir og Margrét. Draupnir er sonur Kvóta 19042 og 1009 Piparsdóttur 12007. Erfðamat Stjóra segir að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk í góðu meðallagi og hlutfall próteins mjög hátt. Þetta ættu að verða frekar bolmíklar og háfættar kýr. Júgurgerðin góð og spenar hæfilegir að lengd, aðeins þykkir og mjög vel settir. Mjaltir í meðallagi og skapið úrvalsgott. Arfhreinn kollóttur. Sæði: Venjulegt.



Valens 24003 er frá Lyngbrekku á Fellsströnd, dökkbröndóttur, kollóttur og eru ræktendur Sigrún og Ármann. Valens er undan Banana 20017 og Skessu 340 Hálfmánadóttur 13022. Erfðamat Valens segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða fremur bolléttar og nokkuð háfættar kýr með góða júgurgerð. Ágætlega borin júgur með góða festu og gott júgurband. Spenar aðeins stuttir og þykkir og meðalvel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið gott. Arfhreinn kollóttur. Sæði: Venjulegt og X-sæði (kvígur).




Biggi 24004 er frá Flatey í Hornafirði, ræktendur eru þau Birgir Freyr og Vilborð Rún. Biggi er dökkkolskjöldóttur og kollóttur sonur Skálda 19036 og Gyðu 3272 Gyrðisdóttur 17039. Erfðamat Bigga gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk rétt um eða undir meðallagi. Þetta ættu verða í meðallagi bolmíklar og meðalháfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og meðalgott júgurband. Spenar aðeins stuttir og grannir og frábæra vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið frábært. Arfhreinn kollóttur. Sæði: Venjulegt og X-sæði (kvígur).



Klippur og beygjuvélar





Stroffur
Naglar
Víralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200



Hálsi 24006 er frá Signýjarstöðum í Hálsasveit, sægrár, kollóttur, ræktendur eru Arnþór og Birna. Hálsi er undan Kvóta 19042 og 922 Öberonsdóttur 17046. Erfðamat Hálsa segir að dætur hans verði í góðu meðallagi mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk undir meðallagi en próteinhlutfall nokkru hærra en meðallag. Þetta ættu að verða bolmíklar og í meðallagi háfættar kýr með mjög góða jógurgerð, vel borin jógur með mikla festu og mjög greinilegu jógurbandi. Spenar nokkuð hæfilegir að lengd og þykkt og frábærlega settir. Mjaltir meðalgóðar og skapið frábært. Arfhreinn kollóttur. **Sæði:** Venjulegt og X-sæði (kvígur).




Kládius 24011 er frá Ósabakka á Skeiðum, bröndóttur, kollóttur og ræktandi er Ósabakki ehf. Kládius er undan Garpi 20044 og Lilju 984 Sjarmadóttur 12090. Erfðamat Kládiusar segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða bolléttar og nokkuð háfættar kýr með meðalgóða jógurgerð. Ágætlega borin jógur með meðalgóða festu og mjög greinilegt jógurband. Spenar stuttir og grannir og mjög vel settir. Mjaltir frábærar og skapið úrvalgott. Arfhreinn kollóttur. **Sæði:** Venjulegt og X-sæði (kvígur).

Frekari upplýsingar um þessi naut er að finna á nautaskra.is. Þau naut sem áfram verða í notkun samhliða þessum eru Smali 23034, Brími 23025, Brúsi 23026, Kuldi 23027, Snær 23028, Flóki 23031, Markaður 23034 og Farsæll 23035. Af þeim verður X-sæði (kvígur) úr Bríma 23035 í dreifingu í vetur og Spermvital-sæði er fánlegt úr þeim öllum nema Flóka 23031 og Markaði 23034. Þau naut sem fóru úr notkun eru Snáði 23017, Stimpill 23020, Seimur 23021, Maddi 23022, Sokkur 23023 og Abraham 23030. Við val á þeim nautum sem í notkun eru ræður erfðamatið mestu en einnig er horft til þess að dreifa faðerni sem verða má þannig að í boði séu gripir með sem dreifðast

ættarni. Nú, þegar kyngreint sæði er komið í notkun, þurfa menn að horfa til framtíðar og haga sæðingum með aðeins öðrum hætti en áður. Mikilvægt er að haga notkun m.t.t. þess hversu mikil endurnýjunarþörf búsins er og velja kyngreint sæði á kvígur og góðar, ungar kýr ásamt þeim kúm sem menn vilja gjarnan fá ásetningskvígu undan. Þá er ákaflega brýnt að nota venjulegt sæði á allra bestu kýrnar og efnilegar kvígur til þess að fá nautkálfa til þess að bjóða á stöð. Höfum í huga að helmingur kálfanna undan þeim verða kvígur til ásetnings en helmingur nautkálfar. Úr þeim hópi fáum við kynbótanaut framtíðarinnar, feður næstu kynslóðar.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. **Helstu réttarsvið:** Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400



AKURShús - íbúðarhús og frístundahús
Afhent úppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað
– Allt eftir þínum óskum

Íslensk hönnun & framleiðsla



65 ára
1959-2024

Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt

Sendu okkur línu á akur@akur.is



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrífað er frá vatninu, spennan 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.- Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

Hydral kálfadrykkur 3kg

Notist við skitu, bæði meðan á henni stendur og við endurheimt eftir skitu, fyrir kálfa og annað ungviði.



9.790 kr. m/vsk

WWW.KB.IS

Kaupfélag Borgfirðinga / Egilsholti 1 / 310 Borgarnesi / S: 430 5500 / verslun@kb.is